

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1949.

Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands, undirskrifuð af forsætisráðherra 17. maí 1949, nr. 63.

Auglýsing um samning milli Íslands og alþjóðflugmálastofnunarinnar varðandi flugþjónustu, undirskrifuð af utanríkisráðherra 20. maí 1949, nr. 64.

Auglýsing um afnám vegabréfsáritana, undirskrifuð af utanríkisráðherra 25. maí 1949, nr. 65.

Auglýsing um staðfestingu alþjóðasamnings varðandi loftflutninga milli landa, undirskrifuð af utanríkisráðherra 30. maí 1949, nr. 66.

Auglýsing um viðbótarsamning milli Íslands og Póllands, undirskrifuð af utanríkisráðherra 31. maí 1949, nr. 67.

Lög um bifreiðaskatt o. fl., undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 25. maí 1949, nr. 68.

Auglýsing um vegabréfsáritanir til hernámssvæða vesturveldanna í Þýzka-landi, undirskrifuð af skrifstofustjóra utanríkisráðuneytisins 13. apríl 1949, nr. 69.

Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Finnlands, undirskrifuð af utanríkisráðherra 31. maí 1949, nr. 70.

Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Bretlands 1949, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 71.

69 31. maí **Bréf fjármálaráðuneytisins til allra skattstjóra, yfirséttanefnda og ríkisskattanefndar, um frádráttarhæf tryggingariðgjöld.**

Að gefnu tilefni skal það hér með gert kunnugt, að tryggingariðgjöld, sem frádráttarhæf eru samkvæmt 10. gr. laga nr. 6/1935, skulu teljast til frádráttar á því almanaksári, sem þau eru greidd.

70
30. marz

RÆKTUNARSAMÞYKKT

fyrir Ræktunarsamband Norður-Þingeyinga austan Öxarfjarðarheiðar.

I. KAFLI

Takmörk samþykkjarsvæðisins og markmið.

1. gr.

Ræktunarsambandið nær yfir eftirgreind hreppabúnaðarfélag á félagssvæði Búnaðarsambands Norður-Þingeyinga: Búnaðarfélag Langnesinga, Búnaðarfélag Þórshafnar, Búnaðarfélag Þistilfjarðar og Búnaðarfélagið Arður, sunnan við ytri háls.

2. gr.

Ræktunarsambandið tekur að sér, á þann hátt, sem fyrir er mælt í þessari samþykkt, eftirgreind verkefni á öllum jörðum á félagssvæðinu, að undanskildum þeim, er falla undir ákvæði VI. kafla jarðræktarlaga, nr. 54 4. júlí 1942, um búferlflutning:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, beitiræktar og engjaræktar. Tekur